

Strandlínubreytingar á Suðausturlandi frá 1903 til 2021

Ingibjörg Jónsdóttir ij@hi.is og Sigurður Sigurðarson ss@vegagerdin.is

Markmið verkefnisins er að kanna hvaða breytingar hafa orðið á strönd Suðausturlands frá byrjun tuttugustu aldar: Hver hefur þróunin verið, hvaða skýringar gætu legið þar að baki, og hver er líkleg framvinda? Athugunarsvæðið nær frá Reynisfjalli að Vestra Horni.

Þessi hluti landsins einkennist af sandfjörum sem verða fyrir áhrifum af jökulám og öðru vatnafari, strandstraumi, brimi og sandfoki. Hluti ferlanna sem þarna eru að verki eru stöðugir en hægfara, en einstaka atburðir hafa einnig valdið umtalsverðum breytingum á skömmum tíma.

Fjölbreytt gögn eru nýtt við verkefnið: Frumteikningar Herforingjaráðskortanna dönsku, loftmyndir og kort frá 20. öld, vigragögn frá Landmælingum Íslands, gervitunglagögn og háupplausna myndir frá 21. öld. Ýmis samanburðargögn hafa verið nýtt til hliðsjónar, svo sem dýptargögn og ratsjármyndir.

Fjallað verður um fyrstu niðurstöður: Hvaða hlutar strandlengjunnar hafa breyst og hve mikið? Hvaða hlutar hafa verið stöðugri? Verkefnið nýtist í verkefnum Vegagerðarinnar á Suðurströndinni, til dæmis við Vík í Mýrdal, Jökulsárlón og Höfn í Hornafirði.

Miðlun gagnanna í lok verkefnisins verður einnig lýst.